

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 137/1979 fyrir Fósturskóla Íslands.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Verklegt nám, vinna á stofnunum og að verkefnum, fer fram undir eftirliti og stjórn verknámsskennara og miðast við 30 klst. viðveru á viku. Það fer fram á stofnunum sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir. Neminn skal taka virkan þátt í starfsemi stofnunarinnar og njóta handleiðslu fósturu. Kappkosta skal að samþætta bóklegt og verklegt nám allan námstímann.

Mætingarskylda er í verklegu námi. Þó skal tekið tillit til óviðráðanlegra forfalla, enda fari þau ekki fram úr 12% af námstíma hvern annar. Sé um langvarandi veikindi að ræða skal skólaárið fjalla um hvert tilfelli um sig með tilliti til hugsanlegrar frestunar náms, sbr. 10. grein. Nemi skal hafa lokið bóklegu og verklegu námi hvers bekkjar áður en hann hefur nám í næsta bekk.

2. gr.

22. gr. orðist svo:

Í lok hvern annar skal meta stöðu nemandans í öllum greinum með þeim undantekningum, sem getið er síðar í þessari grein. Skal staða metin með prófi og/eða verkefnum sem neminn hefur unnið. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum á bilinu 1–10. Í lok verklegs námstímabils skal gefa nemanda umsögnina lokið/ólokið.

Til þess að hefja nám í næsta bekk þarf nemandi að hafa hlotið einkunnina 5 í hverri grein hið minnsta á hvorri önn og umsögnina lokið í verklegu námi. Endurtaka má próf á vorönn í samráði við kennara og eigi síðar en í upphafi haustannar. Reynt skal að aðstoða nemendur við undirbúning fyrir endurtökupróf.

Ekki er skylt að gefa einkunn í þeim greinum sem kenndar eru á námskeiðum né heldur í tónmennt, leikrænni tjáningu, framsögn, raddbeitingu og myndið enda hafi nemendur sótt 80% tímanna hið minnsta og skilað tilskildum verkefnum. Í sérstökum tilvikum er nemandi heimilt með leyfi skólaráðs að sanna kunnáttu sína í grein, sem kennd er á námskeiði, með prófi, hafi hann af gildum ástæðum ekki getað tekið þátt í því nema að hluta. Einnig er heimilt að taka til greina sambærileg námskeið sem tekin hafa verið annars staðar.

Skólinn heldur spjaldskrá yfir nemendur þar sem allar einkunnir eru færðar, svo og sá stundafjöldi sem er að baki hverri einkunn. Til að ljúka námi þarf einkunnina 5 í hverri grein á hverri önn og umsögnina lokið í verklegu námi. Þegar nemandi útskrifast frá Fósturskólanum fær hann skírteini sem vottar að hann hafi lokið námi frá skólanum, einnig fær hann ljósrit eða afrit af einkunnarspjaldi sínu.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 2. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.